



Ársskýrsla **2025**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands

Urðarhvarfi 8B

203 Kópavogur

Sími: 520 7150

stadlar@stadlar.is

www.stadlar.is

Umsjón og ritstjórn: Haukur Logi Jóhannsson

Forsíðumynd: Ófærufoss / Karl - Adobe Stock

Ljósmyndir: Gunnar R. Kristinsson og Adobe Stock

Umbrot og grafísk vinnsla: Ímyndunarafl / Gunnar R. Kristinsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.



Efnisyfirlit

Því meira sem heimurinn flækist, því meira treystum við á það sem við sjáum ekki	4
Ertu með þetta?	6
Aðild sem skapar áhrif	9
Stjórn 2025 - 2026	10
Mannauður	11
Innlent staðlastarf og áhrif þess	12
Hver er framtíð sjálfbærni?	16
Staðlastarf yfir landamæri	18
Ársreikningur	20



Því meira sem heimurinn flækist, því meira treystum við á það sem við sjáum ekki

Ávarp stjórnarformans

Nýlega var ég að vinna að máli sem átti að ganga hratt fyrir sig. Skjal var tilbúið, aðilar sammála og aðeins eftir að undirrita. Einn aðillinn býr erlendis og gert var ráð fyrir að rafræn undirritun tæki örfá augnablik.

En svo stöðvaðist ferlið. Kerfin töluðu ekki saman og undirritunin var ekki viðurkennd þar sem hún uppfyllti ekki kröfur evrópskra staðla. Það sem átti að vera einfalt varð að óvissu og töfum. Það er í slíkum aðstæðum sem maður áttar sig á því hversu mikið við treystum á hluti sem við sjáum ekki og hversu fjótt allt stoppar þegar þá vantar.

Staðlar eru ein af þessum ósýnilegu stöðum samfélagsins. Við verðum sjaldan vör við þá í daglegu lífi, hvort sem við erum að flytja inn í nýtt húsnæði, nota rafbúnað eða eiga samskipti á netinu. Við gerum einfaldlega ráð fyrir að hlutirnir virki. Það er fyrst þegar eitthvað bregst sem mikilvægi staðla verður sýnilegt.

Á undanförunum árum hefur heimurinn hins vegar breyst á þann hátt að þessi grunnur skiptir sífellt meira máli. Stríð, truflanir á aðfangakeðjum og áskoranir í orkumálum hafa sýnt okkur að við erum háð kerfum sem þurfa að virka yfir landamæri og að veikleikar í einum hluta geta haft áhrif víða.

Í slíkum aðstæðum verður augljóst að samhæfni er ekki sjálfgefin. Hún þarf að vera hönnuð, prófuð og viðhaldið. Þar gegna staðlar lykilhlutverki. Þeir skapa sameiginlegan ramma sem gerir innviðum kleift að tala saman, tryggir öryggi og gæði og styður við viðbragðsgetu þegar á reynir.

Sömu þróun má sjá í stafrænum heimi. Gervigreind, sjálfvirkni og sífellt flóknari upplýsingakerfi eru að móta daglegt líf okkar

á hraða sem fáir hefðu séð fyrir. Fyrir flesta eru þessi kerfi að einhverju leyti ósýnileg, þau eiga einfaldlega að virka. En á bak við þau liggja flókin samskipti og ákvarðanir sem krefjast trausts.

Hvernig tryggjum við að slík kerfi séu örugg? Hvernig vitum við að niðurstöður þeirra séu áreiðanlegar? Og hvernig tryggjum við að þau virki á sama hátt óháð því hvar í Evrópu þau eru notuð?

Svarið liggur að stórum hluta í stöðlum. Þeir skilgreina viðmið, prófanir og kröfur sem gera kleift að byggja upp traust í umhverfi þar sem flækjustigið eykst. Án slíkra viðmiða væri samhæfni undantekning fremur en regla.

Þetta á einnig við um stafrænt traust yfir landamæri. Rafræn skilríki og undirritanir eru orðin sjálfsgöður hluti af samskiptum einstaklinga, fyrirtækja og stjórnvalda. Við gerum ráð fyrir að geta átt í öruggum samskiptum óháð landamærum, en það gerist ekki af sjálfu sér. Traustið byggir á sameiginlegum reglum og stöðlum sem tryggja að kerfi tali saman og að niðurstöður séu viðurkenndar.

Sýnileg birtingarmynd þessa fyrir neytendur er meðal annars CE merkingin, sem flestir þekkja af vörum í daglegu lífi. Hún er áminning um að á bak við einfalt merki liggur umfangsmikið kerfi staðla sem tryggir að vörur uppfylli sameiginlegar kröfur um öryggi og gæði.

Fyrir lítið og opið hagkerfi eins og Ísland er þetta samstarf ekki aðeins mikilvægt, það er forsenda þess að við getum tekið fullan þátt í alþjóðlegu samfélagi. Í hverjum mánuði eru samþykktir fjölmargir nýir og upp færðir staðlar í Evrópu sem ná yfir sífellt fleiri svið samfélagsins.



Það væri hvorki raunhæft né hagkvæmt fyrir okkur að þróa slíkan ramma ein og sér. Með þátttöku í evrópsku staðlastarfi fáum við aðgang að þekkingu og reynslu fjölda sérfræðinga og tryggjum um leið að íslenskir hagsmunir eigi sér rödd við mótun þeirra reglna sem við byggjum samfélag okkar á.

Þátttaka í staðlastarfi er því ekki aðeins tæknilegt verkefni heldur stefnumótandi ákvörðun. Að standa utan við slíkt samstarf er ekki hlutleysi, það þýðir að aðrir móta leikreglurnar fyrir okkur.

Staðlar eru ekki aukaatriði heldur grunnstoð samfélagsins. Þeir gera okkur kleift að treysta vörum, þjónustu og samskiptum og eru lykilforsenda öruggar tæknivæðingar, alþjóðlegs samstarfs og skilvirkar innleiðingar reglna.

Í heimi þar sem flækjustigið eykst og óvissa er meiri en áður verður mikilvægi sameiginlegra staðla sífellt augljósara. Þeir gera samfélögum kleift að starfa á öruggan og skilvirkan hátt, jafnvel þegar á reynir.

Þessi þróun hefur einnig endurspeglast í starfsemi Staðlaráðs Íslands á liðnu ári. Umfang staðlastarfs heldur áfram að aukast, einkum með fjölgun staðla sem teknir eru upp. Á sama tíma hefur verið lögð áhersla á að styrkja umgjörð starfsins og efla vitund um mikilvægi staðla í íslensku samfélagi.

Rekstur Staðlaráðs Íslands á árinu 2025 var traustur. Afkoma ársins var jákvæð um 13,5 milljónir króna og efnahagsstaða var góð, með eigið fé um 130 milljónir króna og sterka lausafjárstöðu.

Þrátt fyrir sterka stöðu má greina breytingar í tekjugrunni Staðlaráðs, þar sem fjárveitingar hafa dregist saman á

undanförnum árum á sama tíma og tekjur af sölu staðla hafa farið minnkandi. Sú þróun, ásamt nýlegum dómi á evrópskum vettvangi um gjaldfrjálsan aðgang að samhæfðum stöðlum, kallar á að hugað sé að fjölbreyttari og sjálfbærari tekjuöflun til framtíðar.

Stjórn Staðlaráðs hefur því hafið að huga að mögulegum nýjum tekjuleiðum og aðlaga reksturinn að breyttu umhverfi.

Þótt rekstrariðurstaða ársins sé jákvæð er mikilvægt að horfa fram á veginn með varfærni. Til að tryggja áframhaldandi styrk starfseminnar þarf að byggja upp stöðugan tekjugrunn og nægilegt svigrúm til þróunar.

Stjórn Staðlaráðs kom saman alls 9 sinnum á síðasta starfsári. Flestir fundanna voru rafrænir og hefur það fundarform fest sig í sessi sem eðlilegur vettvangur fyrir störf stjórnar.

Þrátt fyrir áskoranir í rekstrarumhverfi hefur starfsemi Staðlaráðs haldið áfram að þróast með góðum árangri. Starfsfólk ráðsins, undir forystu framkvæmdastjóra, hefur unnið markvisst að því að hrinda stefnu stjórnar í framkvæmd og tekist á við sífellt umfangsmeiri verkefni af fagmennsku og metnaði. Fyrir það ber að þakka sérstaklega.

Ég vil jafnframt færa aðildarfélögum Staðlaráðs þakki fyrir gott samstarf á árinu, þeim fjölmörgu sérfræðingum sem leggja sitt af mörkum til staðlastarfs, stjórnarfólki fyrir mikilvægt framlag og ekki síst starfsfólki Staðlaráðs fyrir öflugt og ómetanlegt starf.

Sigurður Másson,
fulltrúi Neytendasamtakanna í stjórn Staðlaráðs
er jafnframt formaður stjórnar.



Ertu með þetta?

Stjórnunarkerfisstaðlar ISO eru einhver mest seldu stjórnunar- og rekstrarverkfæri í heiminum. Staðlarnir eru orðnir 15 talsins og allir innihalda þeir sama kjarna. Sá kjarni skilgreinir sameiginlega uppbyggingu staðlanna, þ.e. ákveðinn kjarnatexta með smávægilegri sérstöðu sem tekur mið af viðfangsefninu og sameiginleg hugtök. Staðlarnir gera skipulagsheildum kleift að gera reksturinn að strategískri og verðmætri eign enda skilar notkun þeirra hagkvæmni, meiri gæðum, betri afkomu, réttum ákvörðunum og fyrirsjáanleika í rekstrinum. Það gerir kleift að sjá fyrir ógnir og tækifæri, nýta áhættur og styrkleika og taka réttar ákvarðanir um nauðsynleg skref.

Vinsælustu staðlarnir í þessari seríu eru;

ISO 9001 - Almenn gæðastjórnun, ISO 14001 - Umhverfisstjórnun, ISO 45001 - Heilbrigði og öryggi á vinnustað, ISO 27001 - Upplýsingaöryggisstjórnun og ISO 13485 - Gæðastjórnun við framleiðslu lækningatækja.

Fyrsta útgáfa flaggskipsins í seríunni, ISO 9001, kom út árið 1987. Allt frá þeim tíma hefur skipulagsheildum verið gert kleift að fá óháða þriðja aðila, faggilta vottunaraðila, til að rýna stjórnunarkerfin með reglulegu millibili, að sjálfsögðu eftir ströngum stöðluðum reglum. Vottanir gefa til kynna að stjórnunarkerfið sé virkt, viðeigandi og skili árangri. Staðlarnir eru endurskoðaðir á fimm til tíu ára fresti til að meta hvort stjórnunarkerfin byggja á nýjustu þekkingu því staðlar eiga alltaf

að endurspegla bestu mögulegu viðmið. Slík endurskoðun leiðir stundum til þess að staðallinn er staðfestur án breytinga en þeir taka líka breytingum til að endurspegla breytingar í samfélögum, nýja þekkingu, nýja hugsun og til að skýra tiltekin atriði. Nú stendur yfir endurskoðun á ISO 9001 sem kemur til með leggja áherslu á tæknibreytingar, sjálfbærni og að uppfæra stjórnunarleg atriði.

Helstu breytingar sem vænta má í hinni uppfærðu útgáfu sem væntanleg er haustið 2026 eru eftirfarandi;

- » þróun á grunnuppbyggingu og meginlínunum en ekki algjör uppstokkun,
- » samhengi skipulagsheildar verður víkkað og gert skýrara með meiri sýnileika á sjálfbærni, loftslagsáhrif og breyttar væntingar hagaðila,
- » kafli um forystu verður enn meira áberandi en áður og aukin áhersla á virka leiðsögn, sýnilega ábyrgð og tengingu við umbætur, menningu og hegðun, þ.m.t. siðferðilega hegðun í forystu og stjórnun,
- » krafa um gæðamenningu skipulagsheilda verður skýrari en áður,
- » greining áhætta og tækifæra verður skýrar aðgreind og markvissari en áður og krafa um meiri nákvæmni við að greina og stýra áhættum, tækifærum, seiglu, birgðakeðjum og rekstrarhæfni,

- » stafrænar umbreytingar verða teiknaðar upp með skýrari hætti, þ.m.t. notkun gervigreindar við rekstur,
- » eftirlit með virðis- og birgðakeðjum verður skerpt með áherslu á ytra samhengi, áhættu og seiglu,
- » kröfur um nútímalegri áherslu á gögn, ákvarðanatöku og samhengi skipulagsheildar,
- » tenging umbótahugsunar við menningu, forystu, seiglu og lærdóm verður skýrari,
- » fleiri innbyggðar skilgreiningar koma inn í staðalinn.

ISO 9001:2026 verður því ekki nýr staðall frá grunni heldur byggir hann á áratugalangri þekkingu á notkun hans en bætir við áherslum sem eiga við rekstur skipulagsheilda eins og hann hefur breyst í árána rás.

Þar sem hluti af þeim breytingum sem verða nú á ISO 9001 eiga við sameiginlega kjarnann verða þær breytingar sérstaklega teknar saman og fara til skoðunar í tækninefndum annarra stjórnunarkerfisstaðla. Í framhaldi kunna að verða breytingar á viðkomandi staðli, næst þegar hann verður tekinn til endurskoðunar eða með sameiginlegri aðgerð þar sem viðaukum með breytingum er bætt við aðra staðla á einu bretti.

Þegar búið er að innleiða einn stjórnunarkerfisstaðal er tiltölulega auðvelt að bæta við öðrum stöðlum því kjarninn gerir það að verkum að þegar búið er að koma á einu kerfi þá liggur fyrir grunnurinn að öðru.

Þá má ekki gleyma því að til er fjöldi annarra staðla sem auðvelt er að nota með stjórnunarkerfisstöðlum, eftir viðfangsefninu hverju sinni. Má þar nefna t.d. ISO 10020 – breytingastjórnun sem kann að vera óhjákvæmilegur hluti af rekstrinum. Þar eru skilgreindir ferlar við breytingar á stjórnun, rekstri og innleiðingu breytinga auk þess sem tillögur eru gerðar að því hvernig mæla má árangur breytinga. Hér má einnig nefna ISO 10006 sem skilgreinir sérstaklega gæðastjórnun fyrir stök verkefni. Þá eru til staðlar sem auðvelda innleiðingu stjórnunarkerfa og sértækir gæðastjórnunarstaðlar fyrir stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir, menntastofnanir og hagsmunasamtök svo eitthvað sé nefnt. Þá eru einnig til staðlar sem auðvelda innleiðingu og viðhald góðrar þjónustu, öryggis, lausna við umhverfistengdar áskoranir, skipulagningu kosninga, kerfis sem verndar uppljóstrara og kemur í veg fyrir spillingu og margt fleira.

Íslenskar skipulagsheildir sem glíma oft við sömu áskoranir og aðrar skipulagsheildir í heiminum ættu að kanna hvort stjórnunarkerfisstaðlar ISO, sem skrifaðir eru af bestu sérfræðingum til að leysa þekktar áskoranir og vandamál geti ekki auðveldað þeim að



gera enn betur. Þó keyptur sé staðall sem auðveldar stjórnendum að greina og stjórna ýmsum áskorunum er ekki þar með sagt að sækjast þurfi eftir vottun. Kerfin ein og sér geta gefið verðmæta leiðsögn sem skilar árangri. Vottun er hins vegar gríðargott aðhald sem tryggir að við höldum áfram á réttri braut.

Staðlaráð hyggst standa fyrir vinnustofu um breytingar á ISO 9001 í september. Þar verður gott tækifæri fyrir gæðastjóra að kynna sér helstu breytingar og ráða ráðum sínum um áhrif þeirra og tryggja heildarsýn svo áfram megi treysta á öryggi og traust sem felst í almennri gæðastjórnun og að stjórnunarkerfin verði áfram virk og viðeigandi.





Hlutverk og stjórnarhættir

Staðlaráð Íslands er vettvangur þar sem ólík sjónarmið mætast og verða að sameiginlegum lausnum. Þar er ekki aðeins mótað hvað telst best að gera, heldur hvernig það er gert í reynd. Í sibreytilegum heimi, þar sem tækniframfarir, loftslagsáskoranir og auknar kröfur um gagnsæi kalla á skýrari ramma, gegnir Staðlaráð lykilhlutverki við að skapa festu og fyrirsjáanleika.

Starfsemi ráðsins byggir á lögum nr. 36/2003 um staðla og Staðlaráð Íslands, alþjóðlegum skuldbindingum og þjónustusamningi við stjórnvöld. Í gegnum aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI, sem og alþjóðlegu samtökunum ISO og IEC, tryggir Staðlaráð að íslenskir hagsmunir eigi sér rödd þar sem leikreglur framtíðarinnar eru mótaðar.

Hlutverk Staðlaráðs er í senn einfalt og viðtækt, að tengja saman stefnu og framkvæmd. Lög og reglur setja markmiðin meðan staðlar útfæra leiðina. Með því að staðfesta alþjóðlega staðla sem íslenska, þróa séríslenskar lausnir þar sem þörf krefur og tryggja aðgengi að þekkingu, styður Staðlaráð við öryggi, gæði og samkeppnishæfni í íslensku samfélagi.

Stefna og framtíðarsýn

Á undanförunum árum hefur Staðlaráð markvisst styrkt stöðu sína sem burðarás í gæðainnvikum Íslands. Áhersla hefur verið lögð á að efla skilning á mikilvægi staðla, auka þátttöku hogaðila og tryggja að staðlastarf sé lifandi, aðgengilegt og í takt við nútíma þarfir samfélagsins.

Ný stefna fyrir tímabilið 2025–2027 endurspeglar breytt landslag. Hún byggir á þeirri sannfæringu að staðlar séu ekki aðeins tæknileg verkfæri heldur lykiltæki í ábyrgri þróun samfélagsins. Áherslur hennar eru skýrar:

- » Að efla samstarf við stjórnvöld og tryggja að staðlar nýtist sem virkt stjórnæki í löggjöf og framkvæmd
- » Að styrkja tengsl við atvinnulíf og sérfræðinga og auka þátttöku í alþjóðlegu staðlastarfi
- » Að byggja upp þekkingu og vitund um gildi staðla sem undirstöðu trausts, öryggis og nýsköpunar
- » Að þróa þjónustu og miðlun þannig að staðlar verði aðgengilegir og nýtist í daglegri ákvarðanatöku

Stefnan er ekki aðeins viljayfirlýsing heldur vegvísir. Hún kallar á forgangsröðun, festu í framkvæmd og vilja til að horfa fram á við, jafnvel þegar áskoranir blasa við.

Í þágu samfélags og framtíðar

Staðlaráð starfar á mótum hins opinbera og einkageirans, þar sem sameiginlegir hagsmunir samfélagsins eru í forgrunni. Þar er unnið að því að skapa sameiginlegan skilning á því hvað telst vönduð framkvæmd, hvað telst öruggt og hvað telst áreiðanlegt.

Í tækninefndum og fagstaðlaráðum starfa sérfræðingar úr fjölbreyttum greinum sem leggja fram þekkingu sína í þágu heildarinnar. Sú vinna er grunnur að gæðum og forsenda þess að íslenskt samfélag geti staðið jafnfætis öðrum í alþjóðlegu samhengi.

Staðlar eru oft ósýnilegir, en áhrif þeirra eru áþreifanleg. Þeir liggja að baki öruggum innviðum, skilvirkum viðskiptum og trausti milli aðila. Þeir eru ekki markmið í sjálfu sér, heldur leið til að ná betri niðurstöðu fyrir fyrirtæki, stjórnvöld og almenning.

Í því felst kjarninn í starfi Staðlaráðs: að umbreyta þekkingu í framkvæmd, samráði í niðurstöðu og kröfum í raunveruleg gæði.

Aðild sem skapar áhrif

Aðild að Staðlaráði Íslands er meira en formleg tenging, hún er yfirlýsing um þátttöku í mótun samfélagsins. Þar sameinast fyrirtæki, stofnanir og opinberir aðilar um að skapa sameiginleg viðmið sem styrkja innviði, efla samkeppnishæfni og auka traust.

Í heimi þar sem kröfur um gæði, gagnsæi og ábyrgð fara sívaxandi er það ekki sjálfgefið að standa utan við borðið. Aðild veitir aðgang að þekkingu, áhrifum og samtali sem mótar leikreglurnar, ekki aðeins innanlands heldur á alþjóðavettvangi. Hún er tækifæri til að fylgjast með þróun, hafa áhrif á hana og bregðast við af framsýni í stað viðbragða.

Með þátttöku í starfi Staðlaráðs leggja aðildarfélagar sitt af mörkum til að þróa gæðainniði sem samfélagið allt byggir á. Þar verða staðlar til sem styðja við öryggi, sjálfbærni og nýsköpun, og skapa sameiginlegan grunn sem gerir ólíkum aðilum kleift að starfa saman með skýrum og traustum hætti.

Þessi þátttaka er því ekki aðeins ávinningur fyrir hvern og einn aðila, heldur framlag til heildarinnar. Hún endurspeglar vilja til að axla ábyrgð, deila þekkingu og taka þátt í að móta framtíð þar sem gæði og samræmi eru ekki tilviljun, heldur meðvituð niðurstaða.

Advania	Kópavogsbær	Reykjavíkurborg- Umhverfis- og skipulagssvið
Alcoa Fjarðaál	Landsbankinn	Samband íslenskra sveitarfélaga
Arion banki hf	Landsnet	Samgöngustofa
Auðkenni ehf.	Landspítali	Samtök atvinnulífsins
Ábyrgar fiskveiðar ses	Landsvirkjun	Samtök fjármálafyrirtækja
Byggingafræðingafélag Íslands	Límtré Vírnet	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
BYKO ehf.	Ljósleiðarinn	Samtök iðnaðarins
Carbfix hf.	Loftslagsskrá Íslands ehf.	Samtök rafverktaka (SART)
Deloitte á Ísland	Lota ehf.	Sedlabanki Íslands
Efla hf	COWI hf	Síminn hf.
Faggildingarsvið Hugverkastofunnar	Marel Iceland ehf.	Skipulagsstofnun
Festa-miðstöð um samfélagsábyrgð	Markus Lifenet ehf	Stika umhverfislausnir ehf
Fjarskiptastofa	Menningar- og viðskiptaráðuneytið	Land og skógur
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Mennta- og barnamálaráðuneytið	SoGreen
Framkvæmdasýsla ríkisins	Míla ehf	Stofnun Árna Magnúss. í ísl. fræðum
Geislavarnir ríkisins	Netorka hf	Strendingur ehf..
Greiðsluveitan ehf	Neytendasamtökin	Sæplast Iceland ehf.
Hagar	Norðurorka	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Hagstofa Íslands	Orb ehf. (Kúla 3D ehf. skv. RSK.)	Utanríkisráðuneytið
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Origo	Vegagerðin
Hornsteinn eignarhaldsfélag	Orka náttúrunnar	Veitur ohf.
HS Orka hf.	Orkufjarskipti hf	Verkfræðingafélag Íslands
HS Veitur	Orkusalan ehf.	Verkhönnun ehf
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun	Orkuveitan	Verkis hf
ICEPRO	Orkuvirki ehf	Vinnueftirlit ríkisins
Iðan-fræðslusetur ehf.	Rafiðnaðarsamband Íslands	Þjóðskrá Íslands
Innviðaráðuneyti	RAFMENNT ehf.	Þorbjörn hf
Íslandsbanki	Rarik ohf.	Össur Iceland ehf
Kolefnisbrúin ehf.	Ráður 2 ehf.	
	Reiknistofa bankanna hf	



Stjórn 2025 – 2026

Stjórn Staðlaráðs Íslands er skipuð öflugum hópi einstaklinga með fjölbreytta reynslu úr atvinnulífi, stjórnsýslu og faglegu starfi. Í stjórninni endurspeglast sú breidd sem einkennir staðlastarf þar sem ólík sjónarmið mætast og verða að sameiginlegri niðurstöðu.

Hlutverk stjórnar er að móta stefnu, tryggja faglega og fjárhagslega ábyrgð og fylgja eftir markmiðum ráðsins í síbreytilegu umhverfi. Hún gegnir lykilhlutverki við að halda utan um heildarsýn starfseminnar og styðja við þá þróun sem nauðsynleg er til að staðlastarf nýtist samfélaginu sem best.

Formenn fagstaðlaráða eiga jafnframt sæti í stjórn og tryggja þannig beina tengingu við faglegt starf og þau verkefni sem unnin eru á vettvangi tækninefnda. Með því er skapað mikilvægt samhengi milli stefnumótunar og framkvæmdar þar sem ákvarðanir byggja á raunverulegri þekkingu og reynslu úr starfinu sjálfu.

Stjórnin vinnur í nánú samstarfi við framkvæmdastjóra og starfsfólk Staðlaráðs að því að efla stöðu ráðsins sem burðarás í gæðainnvíðum samfélagsins og tryggja að íslenskir hagsmunir eigi sér skýra rödd í alþjóðlegu staðlastarfi.

Stjórn 2025 – 2026

Sigurður Másson, Neytendasamtökunum, formaður

Aldís Ingimarsdóttir, Verkfræðingafélaginu

Ástrún Svala Óskarsdóttir, JBT Marel

Helga Jóhanna Bjarnadóttir, Samtök atvinnulífsins

Þórunn Sigurðardóttir, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Andri Reyр Haraldsson, formaður Rafstaðlaráðs

Guðrún Þóra Garðarsdóttir, formaður Byggingarstaðlaráðs

Guðmundur Sigbergsson, formaður Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum

Jóhann Þorvarðarson, formaður Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni

Hildur Hauksdóttir, formaður Fagstaðlaráðs í fiskimálum

Varamenn:

Steingerður Þóra Danielsdóttir, Advania

Mannauður

Á bak við hvert staðlaverkefni, hverja leiðbeiningu og hvert samkomulag liggur þekking, reynsla og samvinna fólks. Starfsfólk Staðlaráðs Íslands er kjarninn í þeirri vinnu, teymi sem sameinar faglega dýpt og breiða innsýn í þarfir atvinnulífs og samfélags.

Verkefni ráðsins eru fjölbreytt og krefjandi, allt frá verkefnastjórn og alþjóðlegu samstarfi til miðlunar þekkingar og þjónustu við hagaðila. Þessi fjölbreytileiki endurspeglast í hæfni og

reynslu starfsfólks, sem vinnur þvert á svið og byggir brú milli sérfræðiþekkingar og hagnýtrar notkunar staðla.

Styrkur Staðlaráðs felst ekki síst í samspili þessa hóps við þá fjölmörgu sérfræðinga sem taka þátt í tækninefndum og fagstaðlaráðum. Þar verður til lifandi þekkingarsamfélag sem tryggir að staðlastarí á Íslandi sé bæði faglegt, framsýnt og í takt við alþjóðlega þróun.



Arnhildur Arnaldsdóttir,
verkefnastjóri



Ástrós Steingrímsdóttir,
ritari Byggingarstaðlaráðs



Guðmundur Valsson,
ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni
og Rafstaðlaráðs



Haukur Logi Jóhannsson,
ritari Fagstaðlaráðs í umhverfis-
og loftslagsmálum



Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri



Kristbjörg Richter,
móttökustjóri



Sigrún Þorsteinsdóttir,
sölustjóri og bókarí



Innlent staðlastarf og áhrif þess

Árið 2025 einkenndist af öflugri og markvissri starfsemi Staðlaráðs innanlands þar sem staðlar voru í auknum mæli tengdir beint við þær umbreytingar sem eiga sér stað í samfélaginu. Barnavernd, loftslagsmál, sjálfbær nýting auðlinda, stafrænt öryggi og hraður vöxtur gervigreindar settu skýran svip á verkefni ársins og kölluðu á aukna samhæfingu, skýrari ramma og traustari innviði.

Áhersla var lögð á að sýna hvernig staðlar nýtast í raun sem hagnýt verkfæri í starfsemi fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Fræðsla og samtal voru áfram í forgrunni og haldið var áfram að þróa vettvang þar sem sérfræðingar, stjórnvöld og atvinnulíf mætast til að ræða áskoranir og lausnir á fjölbreyttum sviðum samfélagsins.

Mikilvægur árangur náðist í þróun innlendra staðla, þar sem útgáfa ÍST 95:2025 um sjálfbæra skógrækt markaði tímamót í íslensku staðlagerð og skapaði sameiginlegan ramma fyrir ábyrgari landnýtingu og loftslagsaðgerðir. Jafnframt hélt þátttaka innan fagstaðlaráða og tækninefnda áfram að aukast og ný verkefni urðu til á sviðum sem tengjast meðal annars gervigreind, stafrænum innviðum og sjálfbærni.

Starfsemi innanlands á árinu endurspeglar þannig breytta stöðu staðla í samfélaginu. Þeir eru ekki lengur aðeins tæknileg viðmið heldur mikilvægt verkfæri til að styðja við gæði, samræmi og framtíðarsýn í íslensku samfélagi og atvinnulífi.

Útgáfa

- » ÍST 95:2025 – Sjálfbær skógrækt
- » ÍST TS 310:2025 – Innlendir greiðslur og innlán
- » ÍST TS 314:2025 – Rafræn skjöl
- » ÍST TS 315:2025 – Kröfur
- » ÍST TS 316:2025 – IOBWS

Staðfesting staðla

Á árinu 2025 voru 1.685 nýir evrópskir staðlar formlega staðfestir. Sú þróun endurspeglar stöðuga endurnýjun og viðhald þeirra viðmiða sem liggja til grundvallar innri markaði Evrópu. Á sama tíma voru 1.276 staðlar felldir úr gildi, annað hvort vegna þess að þeir höfðu úrelst eða verið sameinaðir nýrri og heildstæðari stöðlum. Slik endurskoðun er eðlilegur hluti af stöðlunarstarfi og tryggir að staðlar haldi í við tækniframfarir og breyttar kröfur samfélags og atvinnulífs.

Á árinu voru jafnframt 2.620 frumvörp að nýjum stöðlum eða breytingum á eldri stöðlum lögð fram til samráðs og athugasemda. Sá fjöldi undirstrikar að stöðlun er lífandi ferli þar sem þróun, samráð og faglegt mat fara saman.

Í árslok 2025 var heildarfjöldi gildra stöðlunarskjala í Evrópu um 30.000, sem bendir til ákveðins jafnvægis milli innleiðingar nýrra staðla og niðurfellingar eldri. Af þessu safni eru um 14.200 skjöl gefin út af evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC og hefur fjöldi þeirra haldist stöðugur milli ára.

Verulegur hluti þessara staðla byggir á alþjóðlegum stöðlum sem þróaðir eru af ISO og IEC. Um 12.200 skjöl endurspeglar þessa samhæfingu, sem er lykilforsenda þess að evrópskt staðlakerfi haldist í takti við alþjóðlega þróun og styðji við samkeppnishæfni, útflutning og nýsköpun.

Á sviði fjarskipta gegnir ETSI áfram mikilvægu hlutverki. Um 3.500 staðlar eru gefnir út á vettvangi samtakanna og móta þeir tæknilegar forsendur stafrænnar þróunar og innviða í Evrópu.

Samhliða þessu alþjóðlega og evrópska umhverfi eru séríslensk stöðlunarskjöl um 170 talsins. Þau endurspeglar sérstakar aðstæður og forgangsröðun hér á landi þar sem þörf er á sértækum viðmiðum eða þar sem alþjóðlegir staðlar ná ekki að fullu utan um íslenskan veruleika.

Söluhæstu staðlarnir

- » Rafmagnsöryggispakinn (Íslensk þýðing rúmlega 50 evrópskra staðla)
- » ÍST 30:2012 Almennir útboðs og samningsskilmálar um verkframkvæmdir
- » ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi – Kröfur og leiðbeiningar
- » ÍST 35:2018 Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf
- » ÍST 95:2025 Leiðbeiningar um sjálfbæra skógrækt
- » ÍST 45:2016 Hljóðvist – Flokkun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis
- » ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi
- » ÍST EN ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi
- » ÍST EN ISO/IEC 27001:2023 Upplýsingaöryggi, netöryggi og persónuvernd
- » ÍST EN ISO 45001:2023 Stjórnunarkerfi um heilbrigði og öryggi á vinnustað
- » ÍST EN ISO 19011:2018 Leiðbeiningar um úttektir stjórnunarkerfa

Byggingarstaðlaráð

Starfsár Byggingarstaðlaráðs einkenndist af umfangsmikilli fagvinnu, auknu samráði og markvissri þróun staðla sem tengjast íslenskum mannvirkjariðnaði. Á tímum þar sem auknar kröfur eru gerðar til öryggis, sjálfbærni og gæðastjórnunar í mannvirkjagerð hefur hlutverk ráðsins orðið sífellt mikilvægara, bæði gagnvart atvinnulífi og stjórnvöldum.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs skipa:

- » Guðrún Þóra Garðarsdóttir, Vegagerðinni, formaður
- » Bjarni Jón Pálsson, Eflu verkfræðistofu
- » Hafsteinn Pálsson, Verkfræðingafélagi Íslands
- » Jón Guðni Guðmundsson, Cowi verkfræðistofu
- » Þórunn Sigurðardóttir, Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Frá upphafi hefur meginmarkmið ráðsins verið að stuðla að samræmdum og traustum viðmiðum í mannvirkjagerð og skapa vettvang þar sem sérfræðingar, stjórnvöld og atvinnulíf vinna saman að þróun og innleiðingu staðla. Slik samvinna er lykilforsenda þess að tryggja gæði mannvirkja, öryggi notenda og skilvirkni í framkvæmdum.

Helstu verkefni ársins

Meginverkefni ársins var vinnan við þjóðarviðauka annarrar kynslóðar þolhönnunarstaðlanna, Eurocodes. Vinnan er umfangsmikil og hefur mikla þýðingu fyrir íslenskan byggingariðnað en vísad er í þolhönnunarstaðlana með bindandi hætti í íslenski byggingareglugerð.

Á árinu var einnig ákveðið að gefa út forstaðla áður en ný kynslóð þolhönnunarstaðlanna tekur gildi. Með því skapast mikilvægt tækifæri fyrir atvinnulífið til að kynna sér breytingarnar með góðum fyrirvara og undirbúa innleiðingu þeirra. Þetta var ákveðið eftir samráð við hagsmunaaðila í atvinnulífinu og að frumkvæði annarra staðlasamtaka.

Endurskoðun ÍST 30 hélt áfram með reglulegum fundum vinnuhópsins. Jafnframt hófst endurskoðun ÍST 45 um hljóðvist í íbúðar og atvinnuhúsnæði þar sem lögð er áhersla á að uppfæra staðalinn í takt við nýjustu þróun og alþjóðleg viðmið á sviðinu.

Áfram var unnið að því að styrkja tengsl við alþjóðlegt staðlastarf og taka þátt í norrænu samstarfi um þolhönnunarstaðlana. Fulltrúar ráðsins tóku þátt í fundum evrópskra tækninefnda og miðluðu þannig bæði íslenski reynslu út á við og nýrri þekkingu til Íslands.

Haldnir voru kynningarfundir og erindi um fjölbreytt verkefni á sviði mannvirkjagerðar, meðal annars um Sundabraut, Vaðölduver og ofanflóðavarnir. Þátttaka og áhugi endurspeglar mikilvægi staðla sem sameiginlegur grunnur fyrir fagmennsku og gæði í íslenskum byggingariðnaði.

Liðið starfsár sýnir að Byggingarstaðlaráð hefur styrkt stöðu sína sem mikilvægur faglegur vettvangur þar sem þróun, samræming, þekking, öryggi og sjálfbærni mætast til að styðja við mannvirkjagerð hér á landi.

Fagstaðlaráð í fiskimálum

Starfsemi Fagstaðlaráðs í fiskimálum var með hefðbundnum hætti á árinu 2025 en megingilgangur ráðsins er að taka þátt í starfi ISO tækninefndarinnar nr. 234 um fiskimál. Undanfarin misseri hefur aukin áhersla verið lögð á þörunga og eldi og hefur starf nefndarinnar því einkennt af því. Sú breyting hefur gert aðgang að nýrri sérfræðiþekkingu nauðsynlega sem hefur verið mætt með öflugri aðkomu Samtaka þörungafélaga og einnig hafa Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi tryggt aðgengi að nauðsynlegri sérfræðiþekkingu um eldismál en mál eins og meðhöndlun frárennslis við fiskeldi, vöktun laxalúsar o.fl. eru mál sem hafa verið til umfjöllunar í tækninefndinni.

Stjórn Fagstaðlaráðs í fiskimálum skipa:

- » Hildur Hauksdóttir, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi, formaður
- » Sævaldur Jens Gunnarsson, Sæplasti
- » Guðmundur Þórðarson, Matvælaráðuneytinu
- » Kristján Þórarinnsson, Ábyrgum fiskveiðum
- » Sigurður Pétursson, Samtökum Þörungafélaga

Ljóst er að áfram verður lögð áhersla á ýmis mál tengd sjálfbærni og umhverfi og þar standa Íslendingar framar mörgum þjóðum svo erindi Fagstaðlaráðs í fiskimálum á alþjóðlegum vettvangi er talsvert.

Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum

Starfsár Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum (FUM) einkenndist af markvissri uppbyggingu, aukinni faglegri festu og skýrari stöðu ráðsins sem vettvangs fyrir mótun staðla og samræmdra viðmiða á sviði sjálfbærni. Á tímum þar sem loftslagsmál og umhverfisábyrgð eru ekki lengur valkostur heldur krafa, hefur starf ráðsins öðlast aukid vægi, bæði innanlands og í alþjóðlegu samhengi.

Stjórn Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum skipa:

- » Guðmundur Sigbergsson, Carbon Registry, formaður
- » Anna Ingvarsdóttir, Verkís
- » Ívar Kristinn Jasonarson, Landsvirkjun
- » Guðný Nielsen, Katla Carbon
- » Íris Ólafsdóttir, Orb



Frá stofnun ráðsins hefur markmiðið verið að skapa vettvang þar sem sérfræðipekking, stefnumótun og framkvæmd mætast. Slikur vettvangur er nauðsynlegur, enda hafa staðlaðar og samræmdar aðferðir reynst áhrifaríkar í að takast á við flókin umhverfis- og loftslagsmál og styðja við upplýsta ákvarðanatöku.

Helstu verkefni ársins

Meginviðburður ársins var útgáfa staðals um sjálfbæra skógrækt. Með honum var lagður traustur grunnur að samræmdum viðmiðum um skipulag, framkvæmd og eftirfylgni skógræktar á Íslandi. Staðallinn endurspeglar nútímalega sýn á sjálfbærni þar sem horft er til jafnvægis milli nýtingar og verndar, með sérstakri áherslu á líffræðilega fjölbreytni, kolefnisbindingu og samfélagsleg áhrif.

Á árinu var jafnframt lögð áhersla á að efla tengsl við alþjóðlegt staðlastarf. Með virkri þátttöku í þróun staðla er tryggt að íslensk sjónarmið fái vægi á sama tíma og nýjustu kröfur og viðmið skila sér inn í íslenskt samhengi.

Efling nefndakerfisins var eitt af lykilverkefnum ársins. Í nefndunum fer fram sú vinna sem gefur starfsemi ráðsins raunverulegt inntak.

Á árinu voru stofnaðar tvær nýjar spegilnefndir: spegilnefnd um kolefnisbókhald og spegilnefnd um matarsóun. Auk þess starfa tækninefndir sem sinna sértækum málaflokkum og styðja við innleiðingu staðla í íslensku samhengi.

Fundahöld og miðlun voru áfram hornsteinar í starfsemi ársins. Haldnir voru vor- og haustfundir auk kynningarfunda þar sem fjallað var um nýja staðla og þróun þeirra. Þátttaka var góð og endurspeglar aukinn áhuga á starfsemi ráðsins.

Liðið starfsár sýnir að FUM hefur styrkt stöðu sína sem faglegur vettvangur þar sem þekking, samráð og þróun mætast.

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni

Starfsár Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni einkenndist af öflugri þátttöku, fjölbreyttum verkefnum og aukinni áherslu á þau málefni sem móta stafræna þróun samfélagsins. Hlutverk ráðsins hefur orðið sífellt mikilvægara á tímum þar sem öryggi upplýsinga, traust stafrænna innviða og þróun gervigreindar hafa áhrif á nær alla þætti samfélags og atvinnulífs.

Stjórn Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni skipa:

- » Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, formaður
- » Sigurjón Einar Þráinsson, Fjármála og efnahagsráðuneyti
- » Pétur Ingi Björnsson, Samtökum iðnaðarins
- » Andri Örn Víðisson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga
- » Björn Jónsson, Landspítalanum
- » Ingbór Guðni Júlíusson, Reiknistofu bankanna, varamaður

Frá stofnun hefur markmið ráðsins verið að skapa vettvang þar sem sérfræðingar úr atvinnulífi, stjórnsýslu og tæknigeiranum vinna saman að þróun og innleiðingu samræmdra viðmiða á sviði upplýsingatækni. Slikt samstarf er sífellt mikilvægara eftir því sem stafrænir innviðir samfélagsins verða umfangsmeiri og kröfur um öryggi, samvirki og traust aukast.

Helstu verkefni ársins

Á árinu var lögð sérstök áhersla á þróun og innleiðingu staðla sem tengjast netöryggi, traustþjónustu og gervigreind. Evrópsk löggjöf á sviði stafrænnar seiglu og gervigreindar hafði þar mikil áhrif og kallaði á auknið samráð og undirbúning innanlands. Með virkri þátttöku í alþjóðlegu og norrænu samstarfi hefur verið unnið að því að tryggja að íslensk sjónarmið og þarfir endurspeglast í þeirri þróun sem nú á sér stað á evrópskum vettvangi.

Efling nefndakerfisins var áfram eitt af lykilverkefnum ráðsins. Fjölmarginir sérfræðingar tóku þátt í vinnu tækninefnda og spegilnefnda þar sem unnið var að fjölbreyttum verkefnum á sviði rafrænna viðskipta, upplýsingaöryggis, persónuverndar og traustþjónustu. Þar fer fram sú faglega vinna sem leggur grunn að samræmdum lausnum og auknu trausti í stafrænu umhverfi.

Á árinu var einnig lögð aukin áhersla á samstarf Norðurlandanna á sviði gervigreindar og þátttöku í sameiginlegum verkefnum sem tengjast framtíð stafrænnar staðlagerðar. Sú þróun endurspeglar vaxandi skilning á mikilvægi staðla sem verkfæra til að styðja við örugga og ábyrga stafræna umbreytingu samfélagsins.

Fundahöld og miðlun voru áfram mikilvægur þáttur í starfsemi ársins. Haldnir voru aðal- og haustfundir, þar sem fjallað var um þróun á sviði netöryggis, stafrænnar seiglu og gervigreindar.



Þátttaka og umræður sýndu skýrt að áhugi á staðlastarfi í upplýsingatækni fer vaxandi samhliða aukinni þýðingu stafrænna innviða í samfélaginu.

Liðið starfsár sýnir að Fagstaðlaráð í upplýsingatækni hefur styrkt stöðu sína sem mikilvægur vettvangur fyrir þróun samræmdra og traustra lausna á sviði upplýsingatækni þar sem þekking, samvinna og framtíðarsýn fara saman.

Rafstaðlaráð

Starfsár Rafstaðlaráðs einkenndist af öflugri fagvinnu, aukinni samhæfingu og markvissri þróun staðla á rafmagnssviði. Hlutverk ráðsins hefur farið vaxandi samhliða hraðri þróun orkuskipta, aukinni rafvæðingu samfélagsins og sífellt meiri kröfum um öruggi, áreiðanleika og samræmingu rafmagnsinnviða.

Stjórn Rafstaðlaráðs skipa:

- » Andri Reyur Haraldsson, Rafiðnaðarsambandinu, formaður
- » Ingi Berg Ingason, Milu
- » Bjarni Sæmundsson, Rafal
- » Eypór Helgi Úlfarsson, RARIK
- » Gunnar Sigvaldason, Lotu

Frá upphafi hefur markmið ráðsins verið að stuðla að öruggum og samræmdum lausnum á sviði rafmagns og raftækni og skapa vettvang þar sem sérfræðingar úr atvinnulífi, stjórnsýslu og iðnaði vinna saman að þróun og innleiðingu staðla. Slík samvinna er grundvallaratriði á sviði þar sem tæknileg þróun er hröð og samfélagslegir innviðir byggja í auknum mæli á öruggri og samhæfðri raforkunotkun.

Helstu verkefni ársins

Á árinu var lögð sérstök áhersla á áframhaldandi þróun staðla fyrir lágspennnar raflagnir og rafmagnstöflur. Unnið var að undirbúningi næstu útgáfu ÍST HB 200 þar sem fjallað er um mikilvægar breytingar á stöðlum sem tengjast meðal annars lagnarkerfum, rofabúnaði, lækningarrýmum og rafliögnum vinnslunotenda. Jafnframt var lögð áhersla á kynningu og miðlun nýrra krafna til að auðvelda innleiðingu þeirra í íslensku samhengi.

Áfram var unnið að verkefnum sem tengjast rafbilavæðingu og þróun innviða tengdum orkuskiptum. Þar hafa vinnustofur og sérfræðihópar gegnt mikilvægu hlutverki við að móta samræmd viðmið og stuðla að öruggri þróun á sviði hleðslulausna og raforkunotkunar.

Efning nefndakerfisins var einnig eitt af lykilverkefnum ársins. Sérfræðingar úr ólíkum greinum tóku þátt í vinnu spegilnefnda, vinnustofa og stýrihópa þar sem unnið var að mati á breytingum á evrópskum stöðlum og aðlögun þeirra að íslenskum aðstæðum. Sú vinna er mikilvæg til að tryggja að íslenskt regluverk og framkvæmd séu í takt við alþjóðlega þróun.

Rafstaðlaráð tók jafnframt virkan þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi á sviði rafstöðlunar. Fulltrúar ráðsins sóttu fundi á vettvangi CENELEC og IEC og tóku þátt í samstarfi norrænu rafstaðlaráðanna um þróun staðla og miðlun þekkingar. Sérstök áhersla var lögð á þátttöku ungs fagfólks og áframhaldandi uppbyggingu tengslanets sérfræðinga á Norðurlöndum.

Fundahöld og miðlun voru áfram mikilvægur þáttur í starfsemi ársins. Haldið var áfram að efla kynningarstarf og skapa vettvang fyrir umræður um þróun rafmagnsmála, tæknilega innviði og ný viðmið á sviðinu. Þátttaka í starfinu sýnir skýrt að áhugi og þörf fyrir samræmt staðlastarf á rafmagnssviði fer stöðugt vaxandi.

Liðið starfsár sýnir að Rafstaðlaráð hefur styrkt stöðu sína sem mikilvægur faglegur vettvangur þar sem samvinna, þekking og þróun mætast til að styðja við örugga og sjálfbæra þróun raforku og rafmagnsinnviða á Íslandi.



Hver er framtíð sjálfbærni?

Það er erfitt að ræða sjálfbærni árið 2025 án þess að finna fyrir ákveðinni óvissu. Ekki vegna þess að loftslagsvandinn hafi minnkað eða markmiðin misst mikilvægi sitt, heldur vegna þess að grundvöllurinn sem umræðan hefur byggt á undanfarin ár virðist vera að breytast. Á síðasta áratug varð sjálfbærni eitt sterkasta stefnumál fyrirtækja, stjórnvalda og fjármálamarkaða. Ný viðmið, mælikvarðar og upplýsingakröfur urðu til á ótrúlegum hraða og sjálfbærni þróaðist úr jaðarmálefni yfir í einn af meginstraumum alþjóðlegs efnahagslífs.

En nú virðist umræðan vera komin á ákveðin tímamót.

Á undanförunum misserum hafa sífellt fleiri spurningar vaknað um það hvort kerfið sem byggt hefur verið upp sé orðið of flókið, of sundurlaust og í sumum tilfellum of þungt í framkvæmd. Fyrirtæki standa frammi fyrir sívaxandi upplýsingakröfum, mismunandi matskerfum og fjölbreyttum sjálfbærni viðmiðum sem ekki falla alltaf saman. Fjárfestar kalla eftir samanburðarhæfum upplýsingum á meðan fyrirtæki glíma við að skilja hvaða ramma eigi að fylgja og hvernig beri að forgangsraða. Á sama tíma hefur pólitískt og efnahagslegt landslag breyst hratt. Hærrí vextir, aukin geopólitísk spennan og hægari hagvöxtur hafa víða kallað fram umræðu um hvort sjálfbærni vegferðin hafi orðið flóknari og kostnaðarsamari en margir gerðu ráð fyrir.

Frá flækjustigi til samræmingar

Í þessu samhengi hefur svokallað Omnibus-frumvarp Evrópu-sambandsins vakið mikla athygli. Með frumvarpinu er leitast

við að einfalda og samræma umfangsmikið regluverk á sviði sjálfbærni og upplýsingagjafar. Það eitt og sér segir ákveðna sögu. Þegar þörf verður á að einfalda kerfið svo skömmu eftir að það var byggt upp, er ljóst að áskorunin snýst ekki lengur aðeins um metnað heldur einnig um framkvæmd. Umræðan hefur því að einhverju leyti færst frá spurningunni um hvort sjálfbærni skipti máli yfir í hvernig hægt sé að byggja upp trúverðugt, skiljanlegt og framkvæmanlegt umhverfi í kringum hana.

Þessi þróun endurspeglar einnig í vaxandi áherslu á alþjóðlega samræmingu staðla. Á síðustu árum hafa ISSB-staðlarnir, sem þróaðir eru af International Sustainability Standards Board, orðið sífellt stærri þáttur í umræðunni um framtíð sjálfbærniupplýsinga. Markmiðið er að skapa sameiginlegan grunn fyrir upplýsingagjöf fyrirtækja um sjálfbærni, á svipaðan hátt og alþjóðlegir reiknings-skilastaðlar gerðu fyrir fjárhagsupplýsingar á sínum tíma. Þar liggur ákveðin viðurkenning á því að sjálfbærni geti ekki byggt á fjölmörgum ósamhæfðum kerfum til lengdar. Ef upplýsingar eiga að vera samanburðarhæfar milli landa, markaða og atvinnugreina þurfa leikreglurnar sjálfar að vera skýrar og sameiginlegar.

Þetta er í raun kjarni málsins. Framtíð sjálfbærni snýst ekki aðeins um ný markmið eða fleiri skuldbindingar. Hún snýst um traust. Án sameiginlegra skilgreininga verður erfitt að bera saman árangur. Án samanburðarhæfni verður erfitt að taka upplýstar ákvarðanir. Og án trausts hægir á fjárfestingum, nýsköpun og raunverulegum framförum.



Hlutverk staðla í nýju landslagi

Hér liggur hlutverk staðla. Staðlar eru oft ósýnilegir í daglegri umræðu. Þeir vekja sjaldan sömu athygli og pólitískar yfirlýsingar eða stór loftslagsmarkmið. Samt eru þeir ein helsta forsenda þess að hægt sé að byggja upp sameiginlegt traust milli ríkja, fyrirtækja og markaða. Þeir skilgreina hugtök, samræma aðferðir og skapa sameiginlegan skilning þar sem annars gæti ríkt óvissa og ósamræmi.

Í loftslags- og sjálfbærnimálum er þetta sérstaklega mikilvægt. Fyrirtæki geta ekki fjárfest með öryggi ef mælikvarðar eru óskýrir. Fjárfestar geta ekki metið áhættu ef upplýsingar eru ósamanburðarhæfar. Neytendur geta ekki treyst yfirlýsingum ef enginn sameiginlegur grunnur liggur að baki. Sjálfbærni án samræmis verður að lokum brothætt.

Á sama tíma er mikilvægt að viðurkenna að staðlar eru ekki einföld tófralausn. Þeir þurfa að þróast samhliða samfélaginu og bregðast við nýjum áskorunum. Umræðan um sjálfbærni hefur þegar færst út fyrir hefðbundna kolefnisumræðu og nær nú í auknum mæli til líffræðilegrar fjölbreytni, vistkerfa, auðlindanýtingar og samfélagslegra þátta. Þar er þörfin fyrir skýrar skilgreiningar og samræmda nálgun jafnvel enn meiri.

Fyrir Ísland skiptir þessi þróun miklu máli. Ísland hefur sterka stöðu á mörgum sviðum sjálfbærni, meðal annars vegna endurnýjanlegrar orku, þekkingar á auðlindanýtingu og aukinnar áherslu á umhverfismál í atvinnulífi. En Ísland er einnig lítið og opið hagkerfi sem þarf að geta talað sama tungumál og helstu viðskiptalönd þess. Þegar alþjóðlegar kröfur breytast hratt og ný viðmið verða til skiptir miklu máli að íslensk fyrirtæki og stofnanir hafi aðgang að sameiginlegum ramma sem auðveldar þeim að taka þátt í alþjóðlegu samhengi.

Kannski er það einmitt stærsta spurningin sem blasir við í dag: ekki hvort sjálfbærni eigi framtíð, heldur hvernig sú framtíð verður byggð upp. Undanfarin ár hafa einkennst af miklum hraða, miklum metnaði og stöðugri þróun nýrra viðmiða og krafna. Nú virðist næsta skref vera annars eðlis. Minna um magn og meira um samhengi. Minna um fjölda kerfa og meira um samræmi. Minna um yfirlýsingar og meira um trúverðugleika.

Þar gætu staðlar reynst einn mikilvægasti innviðurinn af öllum. Ekki vegna þess að þeir leysi allar áskoranir, heldur vegna þess að þeir skapa sameiginlegan grunn í heimi sem er orðinn sífellt flóknari. Í þeirri óvissu sem nú ríkir um framtíð sjálfbærni gæti það reynst mikilvægara en nokkru sinni fyrr.



Staðlastarf yfir landamæri

Staðlastarf á Íslandi er órjúfanlega tengt alþjóðlegu samstarfi. Í heimi þar sem vörur, þjónusta og gögn flæða óhindrað yfir landamæri eru staðlar sameiginlegt tungumál sem tryggir samræmi, öryggi og traust. Þátttaka Íslands í evrópsku og alþjóðlegu staðlastarfi er því ekki einungis formleg skylda heldur lykilforsenda þess að íslenskt samfélag og atvinnulíf standi jafnfætis öðrum þjóðum.

Í gegnum aðild að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum, sem og náð samstarf við Norðurlöndin, hefur Staðlaráð Íslands aðgang að þekkingu, áhrifum og þróun sem mótast framtíð markaða, tækni og regluverks. Þessi þátttaka gerir Íslandi kleift að hafa áhrif – en ekki síður að bregðast hratt og markvisst við þeim kröfum sem verða til utan landsteinanna.

Evrópustöðlun

Þjónusta Staðlaráðs við opinbera stjórnsýslu er áfram burðarás starfseminnar og endurspeglar hlutverk stofnunarinnar sem tengiliðs Íslands við evrópska gæðainviði. Í þessu felst að vera brú milli íslensks regluverks og þeirrar samræmingar sem mótast kröfur, gæði og öryggi á innri markaði Evrópu. Verkefni byggja á skuldbindingum Íslands gagnvart evrópsku staðlasamtökunum CEN, CENELEC og ETSI.

Grunnurinn að þessari þátttöku er EES-samningurinn, sem tryggir Íslandi aðgang að sameiginlegum innri markaði Evrópu. Með honum fylgir jafnframt skýr skylda, og um leið mikilvægt tækifæri, til að innleiða evrópska staðla sem styðja við og útfæra regluverk markaðarins. Þannig er tryggt að íslenskur almenningur og atvinnulíf njóti þeirrar verndar og þeirra gæða sem staðlar veita, hvort sem litið er til öryggis, heilsuverndar, neytendaverndar, umhverfisverndar eða tækniframfara.

Staðlar eru burðarvirki gæðainviða nútíma samfélaga, lifandi skjöl sem endurspeglar bestu fánlegu þekkingu og sameiginlegt samkomulag sérfræðinga. Af þeim sökum er lykilatriði að stjórnvöld hafi skýra sýn á hlutverk þeirra, ekki aðeins til að tryggja formlega innleiðingu heldur einnig raunveruleg áhrif á almannahell og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Í árslok 2025 höfðu um 14.200 evrópskir staðlar verið staðfestir sem íslenskir staðlar. Verulegur hluti þeirra er skilgreindur sem samhæfdir staðlar og gegnir lykilhlutverki í evrópsku regluverki sem innleitt er á Íslandi.

Áhersla Evrópusambandsins á notkun staðla sem tæki í laga-setningu hefur aukist á undanförunum árum. Með því móti er leitast við að sameina tæknilega sérþekkingu og sveigjanleika við skýr markmið laga. Mikilvæg þróun á þessu sviði er sú krafa að samhæfdir staðlar, sem styðja við regluverk, skuli vera aðgengilegir án endurgjalds. Þrátt fyrir að dómur Evrópudómstólsins hafi ekki bein réttaráhrif á Íslandi hefur Staðlaráð tryggt opið aðgengi að slíkum stöðlum í samræmi við þróunina í Evrópu.

Staðlaráð tekur jafnframt virkan þátt í starfi ETSI, evrópsku fjar-skiptastaðlasamtakanna, þar sem mótaðar eru tæknilegar kröfur um öryggi, samvirkni og virkni fjarskipta í Evrópu.

Alþjóðleg stöðlun

Aðild Staðlaráðs Íslands að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO felur ekki í sér beina skuldbindingu um að ISO staðlar verði sjálfkrafa gerðir að íslenskum stöðlum. Í framkvæmd verða þeir þó oft hluti af íslenska staðlakerfinu í gegnum evrópskt samstarf, meðal annars á grundvelli samstarfssamnings ISO og CEN.

ISO staðlar gegna lykilhlutverki í starfsemi fjölmargra íslenskra fyrirtækja, einkum þeirra sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum.



Jafnframt nýttast þeir víða sem verkfæri til að bæta gæði, auka skilvirkni og styrkja rekstur.

Fjölmargir íslenskir sérfræðingar taka virkan þátt í starfi tækninefnda ISO og leggja þar sitt af mörkum til þróunar staðla á sínu sérviði. Þar með er ekki aðeins fylgst með alþjóðlegri þróun heldur einnig haft áhrif á hana og gætt íslenskra hagsmuna. Fyrr á þessu ári 2026 var stigið sérstaklega mikilvægt skref þegar ný tækninefnd ISO um réttindi barna, ISO/TC 356 Children's rights management, var sett á laggirnar undir forystu Íslands og í samstarfi við sænsku staðlasamtökin SIS. Nefndin vinnur að þróun alþjóðlegra staðla sem styðja við innleiðingu réttinda barna og byggir meðal annars á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Formennska Íslands í þessu verkefni endurspeglar vaxandi áhrif og sýnileika íslensks staðlastarfs á alþjóðavettvangi.

Í lok árs 2025 voru aðildarlönd ISO 177 talsins og tækninefndir samtakanna 835, auk fjölda undirnefnda og vinnuhópa. Heildarfjöldi útgefinna staðla og annarra skjala nam 26.287. Starfsemin er umfangsmikil og kraftmikil, sem endurspeglast meðal annars í þúsundum funda sem haldnir eru ár hvert, sífellt í auknum mæli með stafrænum hætti.

Staðlaráð Íslands er jafnframt aukaaðili að Alþjóða rafstaðla-samtökunum IEC. Í gegnum samstarf IEC og evrópsku samtakanna CENELEC eru margir staðlar gefnir út samhliða sem alþjóðlegir og evrópskir staðlar og öðlast þannig gildi sem íslenskir staðlar.

Norrænt samstarf

Staðlasamtök Norðurlandanna hafa um árabíl átt í nánu og árangursríku samstarfi. Samstarfið byggist á reglubundinni upplýsingamiðlun, samhæfingu og mótun sameiginlegrar afstöðu í málum sem varða evrópska og alþjóðlega staðlastarfsemi. Með

þessu móti styrkja Norðurlöndin sameiginlega rödd sína og áhrif innan kerfa á borð við CEN, CENELEC, ISO og IEC.

Samstarfið nær einnig til sameiginlegra verkefna, þar á meðal rannsókna á efnahagslegu virði staðla. Slíkar greiningar hafa sýnt að stöðlun skilar verulegum ávinningi fyrir samfélagið, meðal annars í formi aukinnar framleiðni, bættra vinnubragða og greiðari aðgangs að erlendum mörkuðum. Þessi ávinningur nemur milljörðum króna árlega, auk þess sem jákvæð samfélagsleg áhrif fylgja sem ekki eru alltaf mælanleg með beinum hætti.

Í árslok 2025 var stigið mikilvægt skref í átt að enn markvissara samstarfi þegar nýtt norrænt samstarfsverkefni, The Nordic Region Sets the Standard, var sett á laggirnar með stuðningi Norræna ráðherraráðsins. Verkefnið endurspeglar sameiginlega sýn Norðurlandanna um að nýta staðla sem stefnumótandi verkfæri til að efla sjálfbærni, samkeppnishæfni og samþættingu svæðisins. Markmið Norræna ráðherraráðsins um að gera Norðurlöndin að sjálfbærasta og samþættasta landssvæði heims fær með þessu skýran farveg í gegnum staðlastarf.

Reglubundnir fundir framkvæmdastjóra norrænu staðlasamtakanna og lykilstarfsmanna þeirra eru áfram mikilvægur vettvangur fyrir samráð og samræmingu. Þar skapast einnig tækifæri til að læra hvert af öðru og nýta lausnir sem próaðar hafa verið við sambærilegar aðstæður.

Íslendingar hafa ítrekað notið góðs af þessu samstarfi. Reynslan sýnir að sameiginleg norræn nálgun byggð á trausti, fagmennsku og skýrum markmiðum getur skilað áhrifum sem ná langt út fyrir landamæri hvers ríkis.



Ársreikningur



Íslenskir staðlar

Staðlaráð Íslands

Ársreikningur

31.12.2025

Efnisyfirlit

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7-11

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands

Álit

Ég hef endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025 og efnahag þess 31. desember 2025 í samræmi við lög um ársreikninga og ríkjandi reikningsskilareglur.

Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð mín samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Ég er óháður Staðlaráði Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og hef uppfyllt ákvæði þeirra. Ég tel mig hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit mitt á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn félagsins og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið mitt er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og í kjölfarið gefa út áritun sem felur í sér álit mitt. Nægjanleg vissu er mikil vissu, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gætu verið til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun mín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðun framkvæmi ég eftirfarandi:

- Greini og met hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hanna og framkvæmi endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit mitt á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Afla skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Met hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Álykta um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og met á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef ég tel að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber mér að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun minni. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf ég að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða mín byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar minnar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Met í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, met framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Mér ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu mína, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 29. apríl 2026

Endurskoðun Skattur & Bókhald ehf.

Egill Helgason,
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36 2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum fyrir árið 2025 allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Afkoma Staðlaráðs á árinu 2025 var jákvæð sem nemur kr. 13,5 milljónum, samanborið við kr. 35,4 milljóna jákvæða afkomu árið áður. Í árslok námu heildareignir kr. 154,8 milljónum og eigið fé kr. 130 milljónum. Hvað aðrar breytingar á eigin fé varðar, vísast í ársreikning ráðsins.

Á árinu störfuðu að jafnaði um 7 starfsmenn hjá Staðlaráði og námu launagreiðslur kr. 94,3 milljónum.

Staðlaráð hefur haft þjónustusamning við Atvinnuvegaráðuneytið og gildir nýr samningur fyrir tímabilið 1. janúar 2026 til 31. desember 2026.

Stjórn og framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík 29. apríl 2026

Í stjórn

Sigurður Mátsson, formaður

Aldís Ingimarsdóttir

Ástrún Svala Óskarsdóttir

Helga Jóhanna Bjarnadóttir

Þórunn Sigurðardóttir

Andri Reyf Haraldsson

Guðrún Þóra Garðarsdóttir

Guðmundur Sigbergsson

Jóhann Þorvarðarson

Hildur Hauksdóttir

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
Tekjur	4		
Tekjur samtals		194.754.014	202.503.729
Rekstrarkostnaður			
Efni og aðkeypt vinna.....		26.331.355	23.635.098
Laun.....	5	122.791.190	112.055.166
Annar rekstrarkostnaður.....		36.782.857	34.834.991
Fyrningar.....	8	1.854.434	2.402.784
Rekstrarkostnaður samtals		<u>187.759.836</u>	<u>172.928.039</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		6.994.178	29.575.690
Vaxtatekjur.....		6.478.754	5.936.431
Vaxtagjöld.....		-76.918	-82.108
Gengismunur.....		54.996	-3.927
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld) samtals		<u>6.456.832</u>	<u>5.850.396</u>
Afkoma ársins.....		<u><u>13.451.010</u></u>	<u><u>35.426.086</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	8	6.788.227	8.642.661
Fastafjármunir samtals		<u>6.788.227</u>	<u>8.642.661</u>
Veltufjármunir			
Fyrirframgreiðslur.....		339.294	317.955
Viðskiptakröfur.....	9	4.994.869	12.955.318
Aðrar skammtímakröfur.....		316.566	803.684
Handbært fé.....	11	142.352.592	113.405.917
Veltufjármunir samtals		<u>148.003.321</u>	<u>127.482.874</u>
Eignir samtals		<u><u>154.791.548</u></u>	<u><u>136.125.535</u></u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Varasjóður.....	12	15.000.000	15.000.000
Óráðstafað eigið fé.....		114.964.345	101.513.335
Eigið fé samtals		<u>129.964.345</u>	<u>116.513.335</u>
Skuldir			
Viðskiptaskuldir.....		1.679.659	3.071.636
Aðrar skammtímaskuldir.....		23.147.544	16.540.564
Skuldir samtals		<u>24.827.203</u>	<u>19.612.200</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>154.791.548</u></u>	<u><u>136.125.535</u></u>

Skýringar

1. Staðlaráð Íslands

Staðlaráð Íslands (Staðlaráð) er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Ráðið starfar á grundvelli laga nr. 36/2003 um Staðla og Staðlaráð Íslands. Þá hefur Staðlaráð í samræmi við framangreind lög, sett sér starfsreglur, sem staðfestar hafa verið af ráðherra.

Innan Staðlaráðs Íslands starfa eftirfarandi fagstaðlaráð:

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni
Fagstaðlaráð í fiskimálum
Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum
Byggingastaðlaráð
Rafstaðlaráð

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur félagsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningskilareglur, þ.e. við afhendingu vöru og þjónustu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru skráð á skráðu gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok árs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Mat stjórnenda

Gerð ársreiknings getur krafist þess að stjórnendur leggi mat á og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda, svo og upplýsingar í skýringum. Þetta mat byggir á reynslu og öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi hverju sinni. Helstu liðir þar sem mat stjórnenda og áætlanir hafa áhrif, eru nýtingartími og afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, mat á virðisrýrnun eigna og innheimtanleika viðskiptakrafna, auk annarra liða eftir því sem við á.

Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði árshlutareikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

Skýringar

3. Afkoma rekstrareininga

Afkoma rekstrareininga á árinu 2025 og eignir, eigið fé og skuldir í árslok greinast með eftirfarandi hætti:

	Fagstaðlaráð upplýsinga- tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum	Fagstaðlaráð samtals
Tekjur.....	6.684.078	15.562.335	10.789.818	933.375	2.269.125	36.238.731
Þjónusta Staðlaráðs Ísl....	-8.994.800	-12.139.000	-6.795.850	-160.000	-2.068.012	-30.157.662
Annar kostnaður.....	-486.285	-1.180.415	-2.477.356			-4.144.056
Fjármagnstekjur.....	690.156	699.541	626.382	425.272	0	2.441.351
Fjármagnsgjöld.....	0	0	0	0	0	0
Afkoma ársins.....	-2.106.851	2.942.461	2.142.994	1.198.647	201.113	4.378.364
Eignir 31.12.2025.....	13.241.725	18.155.312	14.748.560	10.639.419	201.113	56.986.129
Eigið fé 31.12.2025.....	13.241.725	18.155.312	14.748.560	10.639.419	201.113	56.986.129
Skuldir 31.12.2025.....	0	0	0	0	0	0

	Fagstaðlaráð samtals	Staðlaráð Íslands	Samtals
Tekjur.....	36.238.731	158.515.283	194.754.014
Þjónusta Staðlaráðs Íslands.....	-30.157.662	30.157.662	0
Annar kostnaður.....	-4.144.056	-183.615.780	-187.759.836
Fjármagnstekjur.....	2.441.351	4.037.403	6.478.754
Fjármagnsgjöld.....	0	-21.922	-21.922
Afkoma ársins.....	4.378.364	9.072.646	13.451.010
Eignir 31.12.2025.....	56.986.129	97.805.419	154.791.548
Eigið fé 31.12.2025.....	56.986.129	72.978.216	129.964.345
Skuldir 31.12.2025.....	0	24.827.203	24.827.203

4. Tekjur

Staðlaráð hefur gert þjónustusamning við Atvinnuvegaráðuneytið um framlag til starfseminnar, sem ákveðið er í fjárlögum hvers árs. Þá tekur samningurinn einnig til greiðslu árlegra aðildargjalda ráðsins að erlendum staðlasamtökum. Gildistími núverandi samnings er frá 1. janúar til 31. desember 2026.

Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2025	2024
Framlög í samræmi við þjónustusamning.....	100.000.000	100.000.000
Endurgreiðsla erlendra aðildargjalda í samræmi við þjónustusamning.....	14.511.674	14.082.798
Önnur framlög til staðlagerðar.....	29.292.078	35.774.886
Aðildargjöld.....	22.022.500	21.767.000
Seldir staðlar.....	23.536.988	23.897.432
Rafmagnsöryggispakkinn.....	5.126.613	4.631.613
Aðrar sölutekjur.....	264.161	2.350.000
	<u>194.754.014</u>	<u>202.503.729</u>

Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast með eftirfarandi hætti:

	2025	2024
Laun	94.331.455	90.672.427
Lífeyrissjóður.....	13.419.604	12.489.797
Annar launatengdur kostnaður.....	9.800.876	3.871.222
Annar starfsmannakostnaður.....	5.239.255	5.021.720
	<u>122.791.190</u>	<u>112.055.166</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	7,0	6,0

6. Leigusamningar

Staðlaráð hefur leigusamning um húsnæði í Urðarhvarfi í Kópavogi. Leigusamningur ráðsins telst rekstrarleigusamningur og því hvorki færður upp eignarréttur eða skuldbinding honun fylgjandi í efnahagsreikning. Gjaldfærðar leigugreiðslur, meðal annars rekstrarkostnaðar, á árinu 2025 námu kr. 11,6 milljónum samanborið við kr. 11 milljónir á árinu 2024.

Leigugreiðslur í samræmi við skuldbindandi samninga dreifast með eftirfarandi hætti í árslok á komandi ár:

	31.12.2025	31.12.2024
Samningsbundnar leigugreiðslur 2026/2025.....	11.793.552	11.500.380
Samningsbundnar leigugreiðslur 2027/2026.....	11.793.552	11.500.380
Samningsbundnar leigugreiðslur 2028/2027.....	11.793.552	11.500.380
Samningsbundnar leigugreiðslur 2029/2028.....	3.931.184	11.500.380
Samningsbundnar leigugreiðslur 2030/2029.....	0	3.833.460
	<u>39.311.840</u>	<u>49.834.980</u>

7. Tekjuskattur

Í samræmi við 4. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt greiðir Staðlaráð Íslands ekki tekjuskatt.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra greinast með eftirfarandi hætti:

	Áhöld, tæki og innréttingar
Varanlegir rekstrarfjármunir 1.1.2024	
Stofnverð	14.087.617
Uppsafnaðar afskriftir	-3.666.603
	<u>10.421.014</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2024	
Keypt á árinu.....	624.431
Afskriftir ársins.....	-2.402.784
	<u>-1.778.353</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2024	
Stofnverð.....	14.712.048
Uppsafnaðar afskriftir.....	-6.069.387
	<u>8.642.661</u>
Breytingar varanlegra rekstrarfjármuna á árinu 2025	
Afskriftir ársins.....	-1.854.434
	<u>-1.854.434</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2025	
Stofnverð	14.712.048
Uppsafnaðar afskriftir	-7.923.821
	<u>6.788.227</u>
Afskriftarhlutföll.....	20-35%

9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði.

11. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

Skýringar

12. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungi hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2024.....	15.000.000	66.087.249	81.087.249
Afkoma ársins 2024.....	0	35.426.086	35.426.086
Eigið fé 31.12.2024.....	15.000.000	101.513.335	116.513.335
Afkoma ársins 2025.....	0	13.451.010	13.451.010
Eigið fé 31.12.2025.....	15.000.000	114.964.345	129.964.345

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð í upplýsinga- tækni	Bygginga- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum	Fagstaðlaráð samtals
Óráðst. efé 1.1. 2025.....	15.348.576	15.212.851	12.605.566	9.440.772	0	52.607.765
Afkoma ársins 2025.....	-2.106.851	2.942.461	2.142.994	1.198.647	201.113	4.378.364
Óráðst. efé 31.12. 2025..	13.241.725	18.155.312	14.748.560	10.639.419	201.113	56.986.129

	Samtals Fagstaðlaráð	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2025.....	52.607.765	48.905.570	101.513.335
Afkoma ársins 2025.....	4.378.364	9.072.646	13.451.010
Óráðst. eigið fé 31.12. 2025.....	56.986.129	57.978.216	114.964.345

13. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skýringar

12. Eigið fé

Á aðalfundi Staðlaráðs Íslands á árinu 2005, var tekin sú ákvörðun að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveimur þriðju hlutum varasjóðsins er ætlað að vera almennur varasjóður, en þriðjungur hans er ætlað að vera tímabundin fjármögunun til einstaka fagstaðlaráða innan Staðlaráðs Íslands, vegna verkefna sem þau hafa tekist á hendur, en enn hefur ekki verið lokið við fjármögnun á. Tillög í framangreindan varasjóð, sem og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1. 2024.....	15.000.000	66.087.249	81.087.249
Afkoma ársins 2024.....	0	35.426.086	35.426.086
Eigið fé 31.12.2024.....	15.000.000	101.513.335	116.513.335
Afkoma ársins 2025.....	0	13.451.010	13.451.010
Eigið fé 31.12.2025.....	15.000.000	114.964.345	129.964.345

Óráðstafað eigið fé skiptist með eftirfarandi hætti á starfandi fagstaðlaráð innan Staðlaráðs Íslands:

	Fagstaðlaráð í upplýsinga- tækni	Bygginga- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum	Fagstaðlaráð samtals
Óráðst. efé 1.1. 2025.....	15.348.576	15.212.851	12.605.566	9.440.772	0	52.607.765
Afkoma ársins 2025.....	-2.106.851	2.942.461	2.142.994	1.198.647	201.113	4.378.364
Óráðst. efé 31.12. 2025..	13.241.725	18.155.312	14.748.560	10.639.419	201.113	56.986.129

	Samtals Fagstaðlaráð	Staðlaráð Íslands	Óráðstafað eigið fé Samtals
Óráðst. eigið fé 1.1. 2025.....	52.607.765	48.905.570	101.513.335
Afkoma ársins 2025.....	4.378.364	9.072.646	13.451.010
Óráðst. eigið fé 31.12. 2025.....	56.986.129	57.978.216	114.964.345

13. Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði.

Sundurliðanir 2025

	2025	2024
Efni og aðkeypt vinna		
Aðkeypt þjónusta vegna staðlagerðar.....	9.951.731	8.668.557
Aðildargjöld að fagfélögum.....	14.899.374	14.465.098
Keyptir erlendir staðlar.....	1.480.250	501.443
	<u>26.331.355</u>	<u>23.635.098</u>
Laun og launategd gjöld		
Laun	94.331.455	90.672.427
Lífeyrissjóður.....	13.419.604	12.489.797
Tryggingagjald.....	6.997.096	6.637.034
Reiknað áfallið orlof, breyting.....	2.803.780	-2.765.812
Félagsgjöld.....	2.138.460	2.125.065
Bifreiðastyrkir.....	2.226.353	1.973.877
Menntun og námskeið.....	17.150	113.900
Tryggingar starfsfólks.....	42.701	41.055
Annar starfsmannakostnaður.....	814.591	767.823
	<u>122.791.190</u>	<u>112.055.166</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga	11.635.641	10.960.240
Viðhald og rekstur húsnæðis.....	2.006.563	2.113.445
Rekstur tölvubúnaðar og símkerfa.....	5.899.625	5.019.232
Gjaldfærð áhöld, tæki og innréttingar.....	277.484	85.320
Bækur, pappír, prentun og ritföng.....	378.434	234.964
Ýmis bankakostnaður.....	463.130	534.393
Rekstur heimasíðu og vefverslunar.....	939.003	1.049.594
Vátryggingar.....	388.351	368.046
Auglýsingar.....	571.711	2.893.388
Gjafir.....	320.553	794.155
Ferðakostnaður.....	3.429.607	2.297.637
Ráðstefnur.....	1.035.464	4.778.630
Dagpeningar.....	3.691.030	2.512.663
Aðkeyptur akstur.....	26.348	12.635
Rekstur kaffistofu.....	148.919	262.359
Aðrar kaffiveitingar.....	1.233.609	473.521
Annar ósundurliðaður kostnaður.....	10.047	444.769
	<u>36.782.857</u>	<u>34.834.991</u>

Sundurliðanir 2025

	31.12.2025	31.12.2024
Aðrar skammtímakröfur		
Endurgreiddur vsk til stofnana.....	316.566	803.684
	<u>316.566</u>	<u>803.684</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreidd launatengd gjöld.....	7.542.225	5.433.618
Ógreitt orlof.....	12.906.006	10.102.226
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	867.631	1.004.720
	<u>23.147.544</u>	<u>16.540.564</u>



Íslenskir staðlar